

# LÖGREGLUSAMÞYKKT

## fyrir Vopnafjarðarhrepp.

### I. KAFLI

#### Um reglu, velsæmi og almennt öryggi á almannafæri.

##### 1. gr.

Með almannafæri er í samþykkt þessari átt við götur, vegi, gangstéttar, gangstíga, svæði ætluð til almenningsnota, gönguleiðir og staði sem ferðafólk venur komur sínar á og staði sem opnir eru almenningi, svo sem kvikmyndahús, leikhús, samkomuhús, söfn, veitingastaði, verslanir, leiktækjastaði, bifreiðastöðvar, biðskýli og söluturna.

Með leiktækjastað er átt við stað þar sem aðgangur er veittur að leiktækjum, spilakössum, knattborðum, tölvum o.þ.h., gegn borgun.

##### 2. gr.

Uppbot, áflog, óspektir eða önnur háttsemi sem raskar allsherjarreglu má ekki eiga sér stað á almannafæri og ekki mega menn þyrpast þar saman ef það tálmar umferð eða veldur vegfarendum óþægindum.

Enginn má áreita aðra á almannafæri eða sýna þar af sér ósæmilega háttsemi.

##### 3. gr.

Bannað er að hafast nokkuð að sem veldur ónæði eða raskar næturró manna.

Lögreglustjóri getur bannað notkun hátalara, hljómf lutningstækja, hljóðfæra eða annars þess háttar á eða við almannafæri ef ástæða er til að ætla að það valdi verulegu ónæði eða truflun.

Hreppsnefnd getur bannað neyslu áfengis á almannafæri á tilteknum tíma á tilteknum svæðum. Slíka samþykkt skal tilkynna lögreglustjóra og birta almenningi.

##### 4. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á almannafæri svo sem í eða við biðstöðvar almenningsvagna og leigubifreiða, miðasölur, banka, veitingastaði, verslanir eða aðra afgreiðslustaði, skal mynda röð þannig að þeir sem fyrstir koma fái fyrstir afgreiðslu.

##### 5. gr.

Hver sá sem staddur er á almannafæri er skyldur til að segja til nafns síns, kennitölu og heimilis þegar lögreglan krefst þess.

Skylt er að hlýða fyrirmælum sem lögreglan gefur s.s. vegna umferðarstjórnar eða til þess að halda uppi reglu á almannafæri.

##### 6. gr.

Lögreglan getur vísað þeim mönnum í burtu af almannafæri sem með háttsemi sinni valda vegfarendum eða íbúum í nágrenninu ónæði.

Sama á við um þá sem valda óspektum, hættu eða hneykslan á almannafæri sökum ölvunar eða af öðrum ástæðum.

##### 7. gr.

Meðferð vatns við hvers konar þrif utandyra er óheimil nema í frostlausu veðri ef það veldur rennsli á gangstétt, gangstíg eða götu þannig að valdi hættu eða óþægindum.

Í götubrunna og göturæsi má ekki hella mengandi efnnum svo sem spilliefnum eða efnnum sem valdið geta mengun eða skemmdum í fráveitukerfinu.

Eiganda eða umráðamanni húss er skylt að fjarlægja af húsi sínu snjó og grýlukerti sem fallið geta niður og valdið hættu fyrir vegfarendur.

## 8. gr.

Öllum ber að gæta þess að ganga vel um á almannafæri og skemma þar ekki hluti sem ætlaðir eru til almenningsnota eða prýði. Þetta á einnig við um þá hluta af húsum og öðrum mannvirkjum sem liggja að almannafæri.

Á mannvirki og hluti má ekki mála, teikna eða festa auglýsingar nema með leyfi eiganda eða umráðamanns.

Óheimilt er að reisa auglýsingaskilti á almannafæri nema með leyfi hreppsnefndar. Hreppsnefnd skal tilkynna lögreglustjóra um slík leyfi. Uppfestar auglýsingar skulu hlutaðeigendur taka niður, þegar þær hafa fullnægt tilgangi sínum, og hreinsa vel staðinn þar sem þær voru hafðar. Löglega uppfestar auglýsingar má enginn rífa niður eða gera ólæsilegar á annan hátt.

## 9. gr.

Hreppsnefnd getur sett umgengnisreglur um skemmtigarða, leikvelli, lystigarða, tjarnir, kirkjugarða og önnur opinber svæði, enda séu reglurnar festar upp við innganginn eða á öðrum áberandi stað.

Hvorki má troða niður ræktaða bletti, grasreiti, blómabeð og limgerði á almannafæri né slíta þar upp blóm eða annan gróður.

Í dreifbýli er bannað að spilla gróðri, nema um sé að ræða jarðabætur á vegum ábúenda á bújörðum eða aðrar heimilar framkvæmdir.

Eigi má gista í tjöldum, húsbílum, hjólhýsum og tjaldvögnum á almannafæri í þéttbýli utan sérmerktra svæða.

## 10. gr.

Tilkynna skal lögreglustjóra svo fljótt sem verða má um fyrirhugaðar hópgöngur, útifundi, tónleika og aðrar útsamkomur í því skyni að hann geti gert viðeigandi ráðstafanir varðandi stjórnun umferðar.

Lögreglustjóri getur breytt gönguleið eða samkomustað telji hann það nauðsynlegt.

## 11. gr.

Meðferð skotvopna á almannafæri er bönnuð nema með sérstakri undanþágu frá lögreglustjóra.

Ekki má á almannafæri ganga með logandi blys, kveikja í bálköstum né halda skoteldasýningar nema með leyfi lögreglustjóra. Um meðferð skotelda fer eftir reglugerð um skotelda.

Um meðferð sprengiefnis fer samkvæmt reglugerð um sprengiefni.

## 12. gr.

Enga atvinnu sem tálmar umferð má reka á almannafæri.

Um starfsemi verslana er vísað til laga um verslunaratvinnu.

Hreppsnefnd getur sett samþykktir um farandsölu og sölu á götum, torgum og öðrum stöðum.

## 13. gr.

Lögreglustjóri getur bannað öllum óviðkomandi, sem ekki eiga brýnt erindi, umferð út í skip, sem liggja í höfn.

## 14. gr.

Ekki má gera jarðrask, svo sem skurði í gangstéttir, götur eða torg né raska þeim á annan hátt, nema með leyfi skipulags- og byggingarfulltrúa sveitarfélagsins. Skal skipulags- og byggingarfulltrúi við veitingu leyfis setja skilyrði sem nauðsynleg eru til að afstýra hættu fyrir vegfarendur og tilkynna leyfisveitingu til lögreglustjóra. Að verki loknu skal leyfishafi færa það í samt lag sem raskað var.

Þegar gerður er skurður í gangstétt skal sá sem verkið vinnur sjá um að tryggja öryggi gangandi vegfarenda og annarra, svo sem með því að sjá fyrir göngubrautum og tryggja að vegfarendur séu aðvaraðir um farartálmann, t.d. með ljósum, glitmerkjum o.þ.h. þegar dimmt er. Slík verk skulu unnin þannig að sem minnstur farartálmi verði. Sé nauðsynlegt að loka gangstétt vegna framkvæmda

skal hjáleið tryggð og afgirt frá umferð ökutækja innan þéttbýlismarkna og annars staðar þar sem umferð er mikil.

Skipulags- og byggingarfulltrúi getur bannað umferð um götur að nokkru eða öllu leyti meðan á verki stendur eða skipað fyrir um hvernig umferðinni skuli hagað. Haft skal samráð við vegamálastjóra þegar það á við. Einnig getur skipulags- og byggingarfulltrúi ákveðið að skurðir í götum séu byrgðir og uppgröftur fjarlægður þannig að umferð sé óhindruð um göturnar á þeim tíma sem ekki er unnið, svo sem að næturlagi og um helgar. Þá getur skipulags- og byggingarfulltrúi, ef hann telur framkvæmdirnar dragast um of, látið setja í samt lag það sem raskað var, eftir atvikum á kostnað þeirra sem ábyrgð bera á framkvæmd.

Setja skal upp skilti og merkingar til leiðbeiningar fyrir ökumenn vegna framkvæmda sem truflað geta umferð. Sé fyrirsjáanlegt að framkvæmdir muni taka lengri tíma en 7 daga skal setja upp ítarlegri skilti þar sem fram koma upplýsingar um framkvæmdina, á hvers vegum hún er og hvað hún muni standa lengi.

Þá getur skipulags- og byggingarfulltrúi beint þeim fyrirmælum til ökumanna og eigenda ökutækja að þeir leggi ekki ökutækjum á tilteknum svæðum svo unnt sé að framkvæma hvers konar nauðsynlegar viðgerðir eða hreinsanir á götum. Tilmælin skulu tilkynnt með upplýsingaskiltum eða öðrum tryggum hætti. Sé slíkum tilmælum ekki sinnt getur skipulags- og byggingarfulltrúi látið flytja ökutæki á brott án frekari viðvörunar svo viðgerð eða hreinsun geti farið fram. Tilkynna skal eiganda ökutækis og lögreglu um brottflutninginn og hvar má vitja ökutækisins sé það ekki flutt aftur á sama stað eftir að viðgerð eða hreinsun lýkur.

#### 15. gr.

Í samræmi við samþykkt um umgengni og þrifnað utanhúss á starfssvæði heilbrigðisnefndar Austurlands er eiganda eða umráðamanni húss, girðinga og annarra mannvirkja skylt að halda eignum vel við og halda lóðum og lendum hreinum og snyrtilegum.

Húseigendum eða umráðamönnum húseigna og jarða er skylt að hlíta fyrirmælum hreppsnefndar um frágang girðinga o.þ.h. sem liggja að almannafæri. Einnig skal húsráðendum skylt að snyrta allan gróður, þ.m.t. trjágróður sem liggur að götum, gangstéttum og gangstígum, þannig að umferð vegfarenda sé óhindruð. Hreppsnefnd getur sett nánari reglur um skerðingu gróðurs. Hlíti húseigandi eða lóðarhafi ekki fyrirmælum hreppsnefndar um frágang samkvæmt þessari grein er heimilt að láta vinna verkið á hans kostnað enda sé honum tilkynnt um það með hæfilegum fyrirvara.

Þegar hús eða annað mannvirki brennur eða það er flutt brott, án þess að annað sé byggt í staðinn, er eiganda skylt að ganga svo frá hússtaðinu að ekki stafi af því hætta, óþrifnaður eða óþrýði. Sama gildir um hús sem standa yfirgefin.

Þegar hús er byggt, rífið, endurbyggt eða flutt er eiganda og/eða verktaka skylt að haga sér eftir þeim fyrirmælum sem hreppsnefnd gefur til að forðast farartálma, hættu eða óþægindi fyrir vegfarendur og skal hann setja upp skilti til leiðbeiningar eftir því sem við á. Við flutning húsa skal eigandi og/eða verktaki kalla til lögreglu eftir því sem umferðarlög kveða á um.

Girðingar sem hafa verið reistar vegna mannvirkjagerðar skal fjarlægja þegar þeirra er ekki lengur þörf.

Um öryggi á vinnusvæðum við almannafæri gilda ákvæði skipulagslaga og laga um mannvirki auk reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim og ákvæði laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum ásamt reglum settum á grundvelli þeirra.

#### 16. gr.

Enginn má án leyfis húsráðanda láta fyrir berast á lóðum hans eða landi. Auk þess getur lögreglan bannað mönnum að hafast þar við ef hún telur að það geti valdið óþægindum eða hættu.

Ekki má fara í híbýli manna í söluerindum ef húsráðandi leggur við því bann.

#### 17. gr.

Enginn má fleygja rusli eða öðru þess háttar á almannafæri nema í þar til gerð ílát eða á viðurkenndum móttökustöðvum sveitarfélagsins. Enginn má fleygja rusli eða öðru þess háttar á lóð eða land annars manns.

Hver sem það gerir skal flytja óhreinindin tafarlaust í burt á sinn kostnað.

Aðeins er heimilt að henda mold, grjóti og garðaúrgangi á staði sem til þess eru ætlaðir og sveitarfélagið vísar á til þeirra nota. Óheimilt er að fleygja þar öðrum úrgangi.

Varðandi meðhöndlun úrgangs vísast að öðru leyti til laga og reglugerða um meðhöndlun úrgangs og samþykktar um meðhöndlun úrgangs í Vopnafjarðarhreppi.

## II. KAFLI

### Um ökutæki, umferð o.fl.

#### 18. gr.

Á almannafæri má ekki leggja eða setja neitt það sem hindrar umferð.

Á götum má ekki hindra umferð með skemmtunum eða leikjum nema með leyfi lögreglustjóra.

Bannað er að leggja ökutæki á gangstéttum. Lögreglustjóri getur, að fengnum tillögum hreppsnefndar, veitt undanþágu frá ofangreindu.

Vörubifreiðum sem eru 5 tonn að leyfðri heildarþyngd eða meira og fólksflutningabifreiðum sem flytja mega 10 farþega eða fleiri má ekki leggja á götum eða almenningsbifreiðastæðum nema þau séu til þess ætluð. Bann þetta gildir einnig um hvers konar vinnuvélar og dráttarvélar án tillits til þunga þeirra. Hreppsnefnd getur veitt undanþágu frá banni þessu og skal þá afmarka og merkja sérstaklega þá staði þar sem undanþága hefur verið veitt.

Lögreglustjóri getur bannað stöðu eftirvagna og tengivagna, s.s. hestaflutningavagna, hjólhýsa, dráttarkerra, báta og þess háttar tækja sem og húsbíla, á götum og almennum bifreiðastæðum sem þykja valda óþægindum, óþrifnaði eða hættu.

Í samræmi við ákvæði laga um meðhöndlun úrgangs, reglugerðar um hollustuhætti og samþykktar um umgengni og þrifnað utanhúss á starfssvæði heilbrigðisnefndar Austurlands er bannað að skilja eftir, flytja eða geyma úrgang, þ.m.t. ökutæki án skráningarmerkja, á þann hátt að valdið geti skaða, mengun eða lýti á umhverfinu. Heimilt er að undangenginni viðvörðun, t.d. með álímingarmiða með aðvörunarorðum, að flytja burtu og taka í vörslu sveitarfélagsins ökutæki sem standa án skráningarnúmera á lóðum við almannafæri, götum og almennum bifreiðastæðum. Sama gildir um ökutæki sem skilin eru eftir á opnum svæðum. Tilkynna skal skráðum eiganda og/eða umráðamanni um flutninginn og skal hann bera kostnað vegna flutnings og vörslu ökutækisins.

#### 19. gr.

Vélar kyrrstæðra bifreiða og vinnuvéla sem ekki eru í notkun, er óheimilt að hafa í gangi eða skilja eftir í gangi lengur en nauðsynlegt er, svo komast megi hjá mengun og hávaða á almannafæri og annars staðar þar sem ætla má að slíkt valdi óþægindum.

#### 20. gr.

Lögreglustjóri getur að fengnum tillögum hreppsnefndar, takmarkað eða bannað umferð stórvirkra vinnuvéla, vörubifreiða eða annarra ökutækja á einstökum götum ef slík umferð er álitin hættuleg eða til sérstakra óþæginda fyrir aðra umferð eða íbúa.

Stórvirkar vinnuvélar, vörubifreiðar, rútur eða önnur stærri atvinnutæki skulu geymd á atvinnulóðum eða á þar til merktum stæðum þegar þau eru ekki í notkun.

Allur akstur torfærutækja sem ekki eru götuskráð, s.s. fjórhjóra og torfæruhjóra, er óheimill innan þéttbýlis. Hreppsnefnd getur þó heimilað undanþágu frá þessu ákvæði á afmörkuðum svæðum og skal sú ákvörðun tilkynnt lögreglustjóra.

#### 21. gr.

Á og við götur eða vegi eða þar sem hætta stafar af má ekki gera rennibrautir, renna sér á skíðum, hjólaskautum, hjólabrettum, skautum, sleðum eða iðka leiki, skemmtanir eða íþróttir þannig að hætta eða umferðartruflun geti hlotist af. Einnig er bannað að hanga í bifreiðum, dráttarvélum, vögnum eða öðrum farartækjum sem eru á ferð eða festa við þau sleða, handvagn eða annað sem óþægindum eða hættu getur valdið.

Lögreglustjóri getur heimilað skíða-, sleða- eða rennibrautir á vegum í alfaraleið og skulu þeir vegir sérstaklega merktir sem slíkir. Þar mega ekki aðrir fara með ökutæki en íbúar gatnanna eða menn í erindum þeirra og skal þá ítrustu varúðar og tillitsemi gætt.

22. gr.

Ef ís á sjó eða vötnum þykir ekki nógu traustur getur lögreglustjóri bannað alla umferð um hann.

23. gr.

Þeir sem flytja farm um götur sveitarfélagsins skulu gæta þess vandlega að ganga þannig frá farminum að ekki valdi óþrífnaði eða hættu. Ef eitthvað hrynur niður við flutning, fermingu eða affermingu á almannafæri er stjórnanda flutningstækisins skylt að hreinsa það upp þegar í stað.

### III. KAFLI

#### Um veitingastaði, skemmtanahald o.fl.

24. gr.

Um leyfi til rekstrar veitingastaða, útleigu samkomusala í atvinnuskyni og leyfi til skemmtanahalds gilda ákvæði laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra. Veitingastaði án áfengisveitinga (flokkur I) er heimilt að hafa opna allan sólarhringinn. Staf íbúum í nágrenni slíks veitingastaðar ónæði af rekstrinum getur hreppsnefnd þó takmarkað afgreiðslutíma hans.

Ákvæði hreppsnefnd ekki annað eru áfengisveitingar á umfangslitlum áfengisveitingastöðum (flokkur II) heimilar frá kl. 06.00 til kl. 23.00 alla daga. Með sama fyrirvara eru áfengisveitingar á umfangsmiklum áfengisveitingastöðum (flokkur III) heimilar frá kl. 06.00 til kl. 01.00 virka daga og til kl. 03.00 aðfaranætur laugardaga, sunnudaga og almennra frídaga.

Hreppsnefnd getur heimilað að höfðu samráði við sýslumann að almennar samkomur, þar sem áfengisveitingar eru leyfðar, megi standa til kl. 04.00 ef sérstaklega stendur á, svo sem á nýársnótt, þorrablótskvöldi, sumarhátíð sveitarfélagsins og sambærilegum samkomum. Um leyfisveitingar fer eftir lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra, sbr. 1. mgr.

Áfengisveitingastöðum skal lokað þegar heimiludum áfengisveitingatíma lýkur og má ekki opna þá að nýju að morgni dags fyrr en a.m.k. tvær klukkustundir eru liðnar frá lokun. Allir gestir skulu hafa yfirgefið áfengisveitingastað eigi síðar en einni klukkustund eftir lokun hans.

Afgreiðslu- eða þjónustutími verslana og annarra þjónustufyrirtækja er frjálst að því marki sem heimilt er að lögum er gilda á hverjum tíma eða reglum sem settar eru samkvæmt þeim. Hreppsnefnd getur þó takmarkað afgreiðslu- eða þjónustutíma hjá einstökum aðilum ef starfsemin veldur nágrönnum eða vegfarendum ónæði.

Heimilt er að reka heimsendingarþjónustu allan sólarhringinn, enda hafi viðkomandi tilskilin leyfi. Gæta skal þess að starfsemin valdi ekki ónæði.

25. gr.

Hver sá sem rekur veitinga- eða gististað, kvikmyndahús, leikhús eða annað samkomuhús eða heldur almenna skemmtun eða sýningu, skal sjá um að allt fari þar vel fram og starfsemin valdi ekki nágrönnum eða vegfarendum ónæði.

Slík starfsemi skal háð sérstöku eftirliti lögreglu og er henni heimilt að fara um samkomusali og önnur húsakynni sem gestir eiga aðgang að.

Á öllum gististöðum skal haldin nákvæm gestaskrá.

26. gr.

Enginn má reka leiktækjastað eða þess háttar starfsemi gegn borgun nema með leyfi lögreglustjóra að fenginni umsögn hreppsnefndar. Leyfi skal ekki veita til lengri tíma en fjögurra ára í senn. Það skal bundið við nafn leyfishafa og rekstur á tilteknum stað. Ef leyfishafi brýtur gegn

ákvæðum greinar þessarar eða reksturinn þykir ekki fara honum vel úr hendi getur lögreglustjóri svipt hann leyfinu enda hafi leyfishafi ekki sinnt áminningu um úrbætur.

Börnum yngri en 16 ára er ekki heimill aðgangur að slíkum leiktækjastöðum nema í fylgd með forráðamönnum. Miða skal aldur við fæðingarár en ekki fæðingardag.

#### IV. KAFLI

##### Um götuspjöld og húsnúmer.

27. gr.

Hreppsnefnd ákveður nöfn á götum og lætur festa upp skilti með þeim, þar sem þurfa þykir, svo sem við gatnamót og á fasteignir.

Húseigendur skulu merkja hús sín með húsnúmeri og eftir atvikum bókstöfum, á götuhlið eða öðrum áberandi stað, vegfarendum og þjónustuaðilum til glöggvunar.

#### V. KAFLI

##### Um útivistartíma barna og ungmenna.

28. gr.

Um útivistartíma barna og ungmenna gilda ákvæði barnaverndarlaga og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra.

#### VI. KAFLI

##### Um búfjárhald og hunda- og kattahald.

29. gr.

Búfjárhald er bannað í þéttbýli nema á skilgreindum lögbýlum og svæðum þar sem það er sérstaklega heimilað samkvæmt skipulagsáætlun. Hunda- og kattahald er bannað í þéttbýli nema með leyfi hreppsnefndar, sbr. samþykktir Vopnafjarðarhrepps um hundahald og um kattahald.

Lausaganga stórgripa er bönnuð í öllu sveitarfélaginu, í samræmi við samþykkt um bann við lausagöngu stórgripa í Vopnafjarðarhreppi.

Um lausagöngu búfjár fer samkvæmt vegalögum og lögum um búfjárhald o.fl.

Um rekstur búpenings til afrétta, hirðingu hans og fjallskil fer eftir ákvæðum fjallskilasamþykktar Múlasýslna.

Umferð reiðhesta er bönnuð innan þéttbýlismarka annars staðar en á merktum reiðstígum nema með sérstöku leyfi eða samkvæmt samþykkt hreppsnefndar.

#### VII. KAFLI

##### Um refsingar, kostnað, gildistöku o.fl.

30. gr.

Ef einhver lætur það ógert sem honum er skylt að gera samkvæmt lögreglusamþykkt þessari getur lögreglustjóri látið framkvæma það eða gert aðrar nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra að vanrækslan valdi tjóni. Kostnaður sem leiðir af framkvæmdum og ráðstöfunum lögreglustjóra greiðist af þeim er ábyrgð ber á vanrækslunni.

31. gr.

Brot gegn lögreglusamþykkt þessari varða sektum sbr. 6. gr. laga nr. 36 18. maí 1988 um lögreglusamþykktir nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum eða reglugerðum.

Mál sem varða brot gegn ákvæðum lögreglusamþykktar þessarar skal fara með að hætti laga um meðferð sakamála.

32. gr.

Lögreglusamþykkt þessi, sem hreppsnefnd Vopnafjarðarhepps hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum um lögreglusamþykktir nr. 36, 18. maí 1988 og reglugerð um lögreglusamþykktir nr. 1127/2007, staðfestist hér með og öðlast þegar gildi.

Samþykkt í sveitarstjórn Vopnafjarðarhepps, 11. júní 2015.

*Innanríkisráðuneytinu, 2. júlí 2015.*

**Ólöf Nordal.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

—————  
B-deild – Útgáfud.: 23. júlí 2015